

Sjötugur í dag

# Ólafur Bjarnason á Brimilsvöllum

FYRIR 70 árum, 10. apríl 1889, fæddist að Hofi á Kjalarnesi Ólafur Bjarnason, bóndi og hreppstjóri á Brimilsvöllum í Fróðaráhreppi á Snæfellsnesi. Foreldrar Ólafs voru þau Bjarni, bóndi og hreppstjóri Sigurðsson, og kona hans, Vigdís Sigurðardóttir, bónda á Sandi í Kjós. Árið 1898 fluttist Ólafur, 9 ára gamall, með foreldrum sínum frá Hofi á Kjalarnesi að Brimilsvöllum á Snæfellsnesi — og þar hefur hann átt heimili síðan, bæði meðan hann ávældist í föðurlandinu og eftir að hann hóf búskap sjálfur ásamt eiginkonu sinni, frú Kristó

hreppstjóri Fróðaráhrepps síðan 1924, sýslunefndarmaður frá því 1922, formaður sóknarnefndar, formaður búnaðarfélagins í áratugi, hreppsnafndaroddiviti um skeið og fulltrúi á búnaðarsambandsfundum. Þá var Ólafur umboðsmaður þjóðgerða Arnarstapa- og Skógarstrandaumboðs frá 1926 og til þess tíma að umboðið var lagt niður sem sjálfstætt starf. Hann var og skipaður í Búnaðarráð 1944.

Ég, sem þessar línur rita, hef haft nán kynni af Ólafi í yfir 40 ár, átt sæti með honum í sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í 22 ár og haft gagn og áængju af því samstarfi — enda er Ólafur tillögugóður og rétt-sýnn á menn og málefni. Eg hef notið margra ánægjustunda á heimili þeirra hjóna á Brimilsvöllum — og veit, að ég mæli fyrir munn fjölda Snæfellinga, er ég á þessum merku tímamótum votta þeim hjónum þakklæti og virðingu fyrir drengskap og höfðingslund, er Snæfellingar hafa notið í ríki meðli á heimili þeirra í marga áratugi. Máttar stólar hvers þjóðfélags eru góð heimil, þar sem drengskapur og mandómur ríkir. Á Snæfellsnesi er margt slíkra heimila — og er heimili þeirra Brimilsvalla-hjóna eitt af þeim.

Eg færi Ólafi vini mínum beztu heillaóskir frá okkur hjónunum og bið honum farsældar og langra lífdaga, fjölekyldu hans og byggðarlagi okkar til heilla. Sig. Agústsson.



línu Kristjánsdóttur, bónda á Haukabrekku, mikilli myndarkonu. Börn þeirra hjóna eru þessi: Sigurður, lyfjafraeðingur í Reykjavík, giftur Þorbjörgu Jónsdóttur; Rögnvaldur, framkvistjóri á Hellissandi, giftur Jónu Agústsdóttur; Björg, gift Sigurjóni Sigurðssyni, fulltrúa í Reykjavík; Bjarni, verkstjóri á Ólafsvík, giftur Mörtu Kristjánsdóttur, og Hlíf, ógift, til heimilis í Reykjavík. Tvö börn sín misstu þau hjónin, Hrefnu, sem dó á fermingaráldri, og Kristján, sem dó rúmlega tvítugur.

Ólafur er sömi sinnar stéttar, enda greindur, ihugull og dugmikill. Hann hefur setið vel stórbýlið Brimilsvelli, bæði hvað ræktunarframkvæmdir og húsa-kost snertir. Á Ólaf hafa hlaðið margs konar trúnaðarstörf, eins og oft vill verða um þá menn, sem eru óserhlifnir og traustvekjandi. Hann hefur verið

## — 30 kappar

Framh. af bls. 1.

Dalai Lama væri á leiðinni til Nepals. Þá var það einnig með ráðum gert að láta þá frét berast út, að Dalai Lama væri alvarlega sérður.

Á sama tíma hafði Dalai Lama og fylgdarlið hans lagt af stað meðfram norðurströnd Yandrakvatnsins, og var síðan haldið í suðaustur til hins mikla fjalllendis fyrir norðan Bhutan.

### Barist upp á líf og dauða

Hópurinn með tvífarann hélt í austurátt og varð á vegi vörubíllanna með kínversku hersveitirnar. Í Karo-skarðinu mitt á milli Yandrakvatns og Gyantse sló í bardaga milli Kínverjanna og hinna 30 sjálfboðaliða. Sumar heimildir herma að þeir hafi allir látið lífið, en aðrar að tvífar Dalai Lama hafi verið handtekinn og sendur til Lhasa.

Það þykir hafið yfir allan vafa, að Dalai Lama eigi hinum 30 hraustu Khamba-hermönnum líf sitt að launa. Þegar Kínverjar áttuðu sig loks á gabbinu, var hann kominn upp í fjöllin þar sem ónögulegt var að hafa upp á honum.



## P & Ó ný herravöruverzlun í Austurstræti

P & Ó heitir ný herrafataverzlun sem í dag opnar í Austurstræti 14. Eru þar á boðstólum hvers konar herravörur aðrar en skófatnaður. Verzlunin er til húsa á 1. hæð (innangangur frá Pósthússtræti) en í kjallara er deild fyrir tilbúinn fatnað karlmanna.

Eigendur P & Ó eru Ólafur Mariusson og Pétur Sigurðsson, sem um nær þriggja áratuga skeið hafa starfað hjá verzl. Har. Arnasonar. Reynsla þeirra og sérþekking á herravörum er því mikil. Þeir verða einir afgreiðslumenn í hinni nýju verzlun fyrst í stað og sögðu við fréttamenn Mbl. í gær, að þeir myndu kappkosta að hafa ávallt vandaðar.

vörur og leitast við að leiðbeina viðskiptavinum um vörurval.

Húsnæði verzlunarinnar er mjög smekklega innréttað og varningi vel og snyrtilega fyrir komið. En hvað mesta athygli

## Börnin brenna sínu

ÞAD ER freistandi fyrir krakkana að kveikja í sínu, þegar farið er að þorna um og verði er gott. Hefir slökkvilið Reykjavíkur haft nokkurt ónæði af slíkum smá-sinurum síðustu dagana, en sem betur fer hefir ekkert tjón hlötið af þessum barnabrekum. — Síðdegis í gær var slökkvilið tvisvar kvatt út vegna sinubruna, í fyrra skiptið að Nýbýlavegi 40, en þar höfðu krakkar kveikt í þurri sínunni rétt hjá húsinu, og síðar að vatnsgeymunum á Háteigshæðinni. — Í fyrradag var slökkvilið þrisvar ónæð af sama konar tilefni.

Í gær var slökkvilið einnig kvatt að Laugavegi 15, þar sem kviknað hafði í umbúðakössum, sem stóðu úti á gotu. Er sagt frá því annars staðar í blaðinu. — Einnig slökkti það eld, sem kom upp milli þilja í Sænska frystihúsinu, sennilega út frá rafmagni. — Í fyrrirott kom upp eldur í vinnuskúr við Hagamel. Var skúrinn aelda, er slökkvilið kom á vettvang, og eyðilagð ist hann.

## Yfirlýsing

AÐ marggefnu tilefni viljum við taka það fram að efni blaðsins „Nýjar fréttir“, sem kom út um páskana, var ekki skrifað af undirrituðum, þótt ábyrgðarmenn teldust af sérstökum ástæðu um. Fer því fjari, að skammir þær og árárs í menn og málefni, er þar birtust, séu okkar skoðanir eða meining og biðjum við þá, er fyrir leiðindum urðu, velvirðingar á þessu.

Steingrímur Thorsteinsson.  
Heimir Br. Jóhannsson.

## Akranesbátar

AKRANESI, 9. apríl. — Heildaraffli í gær hjá 21 báti var 153 lestir. Aflahæstur var Sæfari með 23 lestir, næstur Ólafur Magnússon með 17,3 l. og þriðji Sveinn Guðmundsson með tæplega 12 lestir. Í dag eru 20 bátar á sjó. —Oddur.

gestsins vekur þó „kjallarinn“ þar sem viðskiptavinir geta skoðað tilbúnn fatnað og mátað buxur og jakka í umhverfi sem er cinkar nýstárlegt og þægilegt.

## Bradfordvél

óskað keypt. Má vera ógangfæri Tekið á móti tilboðum í síma 50426, föstudag og laugardag. —

### Málarastofan Barónsstíg 3.

Sími 15281.  
Gerum gömul húsgögn, sem ný.

### Ryðhreinsun & Málmhúðun s.f.

Sími 35400.

EGGERT CLAESSEN og GÚSTAV A. SVEINSSON hæstaréttarlögmenn, Þórhamri við Templararúnd

FALL S. PÁLSSON MÁLFLUTNINGSSKRIFSEFOA Bankastræti 7. — Sími 24 200.

## Einbýlishús til leigu

Nýtt 5 herb. einbýlishús í Hafnarfirði til leigu í 1 ár. Laust nú þegar. Upplýsingar gefur:

Arni Gunnlaugsson hdl., Austurgötu 10, Hafnarfirði, sími 50764, 10—12 og 5—7

Hjartans þakkir til barna minna, tengdabarna og barnabarna og til þeirra mörgu vina minna sem heim-sóttu mig og færðu mér gjafir og blóm og heillaóskir á 95 ára afmæli mínu 5. apríl 1959.

Guð blessi ykkur öll.

Guðrífur Jónsdóttir,  
Kirkjubraut 23 Akranesi.

Mínar innlegustu þakkir sendi ég öllum þeim sem glöddu mig á 75 ára afmæli mínu 3. apríl sl. með heim-söknum, gjöfum, blómum og skeytum.

Jónas Eyvindsson, Sjafnargötu 7.

Þakka hjartanlega þeim, sem heiðruðu mig með heim-söknum, skeytum og gjöfum á 70 ára afmæli mínu 29. marz sl.

Sigurður Gíslason.

### Móðir mín

#### ÞÓLMFRÍÐUR ÞORLÁKSDÓTTIR

Bergstaðastræti 3, sem andaðist 7. þ.m., verður jarðsug-in frá Dómkirkjunni laugardaginn 11. þ.m. kl. 10.30 f.h. Kirkjuathöfninni verður útvarpað. — Blóm afbeðin Ásfríður Ásgrims.

Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð við fráfall og jarðarför föður míns og afa

SIGURÐAR ÓLAFSSONAR  
télsmíðs.

Guðrún Sigurðardóttir, Sólvæg Axeldóttir.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför mannsins míns

SIGURÐAR H. PÉTURSSONAR  
Brunngötu 20 Ísafirði.

Fyrir mína hönd og annarra vandamanna.

Ólaf Júlíusdóttir.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og jarðarför

BJARNA E. EINARSSONAR  
frá Ögurnesi.

Eiginkona og börn.